



## Fundargerð

1243. fundur bæjarráðs Reykjaneshafnar, haldinn að Tjarnargötu 12,

7. nóvember 2019, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Baldur Þ. Guðmundsson, Jasmina Crnac, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

\* \* \*

#### 1. Fjárhagsáætlun 2020 (2019070112)

Bæjarstjóri fór yfir málið.

#### 2. Gjaldskrá 2020 (2019110037)

Bæjarráð samþykkir gjaldskrá fyrir árið 2020. Engir liðir í gjaldskrá hækka meira en 2,5%. Baldur Þ. Guðmundsson Sjálfstæðisflokki situr hjá.

#### 3. Víkjandi lán Reykjaneshafnar til Reykjaneshafnar (2019050845)

Bæjarráð samþykkir að breyta skilmálum skuldabréfsins við Reykjaneshöfn með viðauka. Greiðsla vaxta og verðtrygginga samkvæmt skuldbréfinu verða fryst til fyrsta gjaldadaga 2023.

#### 4. Reykjaneshöll (2019110036)

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að hefja viðræður við eiganda Reykjaneshallar um breytingar á leigusamningi.

#### 5. Endurfjármögnun LSR – drög að samningi við Fossar markaðir hf. (2019060364)

Bæjarráð samþykkir samning við Fossar markaðir hf. um að fyrirtækið hafi yfirumsjón með endurfjármögnun á 8,3 milljörðum króna vegna skulda Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf. og eftir atvikum frekari útgáfu til fjármögnunar eða endurfjármögnunar Reykjaneshafnar.

#### 6. Viðhald gróðurs í beitarhólfi í Krísuvíkurlandi - ósk um fjármagn (2019100430)

Bæjarráð samþykkir að veita kr. 250.000 til að viðhalda beitarhólfum í landi Krísuvíkur.

#### 7. Stapaskóli – framvinduskýrsla (2019050677)

Framvinduskýrsla lögð fram.



**8. Aðild að rammasamning um raforku (2019051837)**

Minnisblað lagt fram. Bæjarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

**9. Beiðni um viðbótarfjármagn (2019110031)**

Málinu frestað.

**10. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. október 2019 (2019050802)**

Fundargerðin lögð fram.

**11. Breyting á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi - umsögn í samráðsgátt (2019110033)**

Lagt fram.

**12. Umsagnarmál frá nefndarsviði Alþingis (2019050801)**

a. Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu, 38. mál

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=150mnr=38>

Bæjarráð samþykkir framlagða umsögn.

b. Frumvarp til laga um um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 66. mál.

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0066.html>

Lagt fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10

*Guðlaug Eir*  
*Ásna Þórh*  
*Baldur P. Guðn*  
*Jasminna Guðae*  
*A. Eir*